

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 2005

11. apríl 2005

605

Nr. 369

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Skálabrekku í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Skálabrekka í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 10. janúar 2005 deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skálabrekku (landnúmer: 170163) í Þingvallasveit, Bláskógabyggð.

Gert er ráð fyrir 8 frístundalóðum um og yfir 8000 m² að stærð í heimatúni Skálabrekku 1. Lóðirnar sem skipulagið nær til eru Skálbrekkugata 8, 10, 14, 16, 18, 22, 24 og 26.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2005.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.

12. apríl 2005

Nr. 370

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð, nr. 959/2004,
um láns hlutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa.**

1. gr.

Í stað fjárhæðarinnar „14.900.000“ í 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar kemur: 15.900.000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um hús-næðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. apríl 2005.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.